

Ed. 197. Tillaga til þingsályktunar

um drykkjumannahæli.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og sérstaka löggjöf þar að lútandi.

Greinargerð.

Drykkjumaunahæli eru í raun og veru jafnnauðsynleg og geðveikrahæli, með því að drukknir menn eru oft og tíðum engu betri viðfangs heldur en geðbilaðir (brjálaðir) menn. Drukknir menn eru því oftlega ofraun heimilum sínum, friðarspillar og hinir háskasamlegustu, einkum þó hörnum og veikgeðja konum. Það má því heita með öllu óforsvaranlegt að láta heimili þeirra afskiptalaus hvað þetta snertir.

Í afengislöggjöfinni segir, að maður, sem veldur óskunda í öläði, skuli sæta ábyrgð, og í barnaverndarlögunum er gert ráð fyrir, að vikja megi slíkum manni af heimili, þar sem börn eru, þegar svo ber undir, en þrátt fyrir þessi lagaákvæði eru heimilin harla varnarlitil gegn æði og ofstopa drukkinna manna, enda alkunna, að hvergi kemur böll ofdrykkjunnar sárar við en á heimilum drykkjumannanna sjálfra.

Hér verður löggjöfin að koma til hjálpar, með hæfilegri meðferð á drykkjumönnum og hælisvist fyrir þá, þar sem þeir eru hafðir undir læknishendi, líkt og aðrir sjúklingar, um skemmri eða lengri tíma, eftir því hvernig gengur að losa þá við hinn illa og ægilega sjúkdóm — drykkjufýsnina, og losa þjóðfélagið jafnframt við eina af þess verstu plágum.